

ÁÁH-2019-09 – Markaðssetning ferðaþjónustu í Árneshreppi

Umsækjandi er Arinbjörn Bernharðsson. Verkefnið er til tveggja ára og snýst um að greina möguleika í ferðaþjónustu í Árneshreppi og vinna kynningarefni í framhaldinu. Verkefnið fellur vel að markmiðum byggðapróunarverkefnisins að því leiti að það styður við ferðaþjónustu og nýsköpun og gæti orðið atvinnuskapandi. Auk þess stuðlar verkefnið að samstarfi nokkurra aðila og ætti þannig að auka velgengni þeirra allra. Sótt er um styrk að upphæð kr. 1.300.000.

Verkefninu var úthlutað 1.300.000 kr. árið 2019, enda verði verkefnið unnið í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.